



**Fundarstaður:** Végarður kl. 15:00.

Á fundinn mættu Þórhallur Jóhannsson formaður, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

## Dagskrá:

1. Ársskýrsla 2021
2. Staða verkefna
3. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Verkefnastjóri tók við boltanum og fór yfir dagskráliði og verkefni.

1. **Ársskýrsla 2021.** Skýrslan liggur fyrir og er dreifð til nefndarmanna. Henni verður komið til sveitarstjórnar sem á fund á morgun. Nokkur eintök munu liggja frammi í Végarði.

Nefndarmenn lýsa almennri ánægju gagnvart því að hreppurinn hafi samið við Austurbrú og þar með að hafa möguleika á að nýta hæfileika fleiri starfsmanna. Þeir þakka jafnframt fyrir vinnu við ársskýrsluna sem er ýtarleg og góð.

Tillaga verkefnastjóra um að senda ásskýrsluna inn á hvert heimili í Fljótsdalshrepp, samþykkt.

## 2. Staða verkefna.

Verkefnastjóri fór yfir nokkur verkefni:

- a. **Innviðagreining Fljótsdalshrepps** liggur fyrir bæði á íslensku (100 stk.) og á ensku (50 stk.). Eintök lögð fram til kynningar. Aðilar innan Austurbrúar sáu um yfirlestur og uppsetningu, Sandberg sá um þýðingu á ensku og Héraðsrent um prentun.
- b. **Umhverfis- og loftslagsstefnan** er komin á lokastig eftir töluvert mikla rýni og liggur nú fyrir sveitarstjórn.
- c. **Umsóknir.** Gerð var tilraun til að senda umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna í tengslum við verkefni er tengist sauðfjárþænum og markaðssetningu afurða einnig í Uppbyggingasjóð Austurlands er varðar gersemar Fljótsdals, þ.e. hugmyndasmiðju í tengslum við minjagripagerð.
- d. **Droplaug** – hið Fljótsdælzka handverksfjelag hefur verið endurvakið og ný stjórn tekin við eftir töluvert langan svefn. Félagið er skráð með kennitölu og bankareikning sem einfaldar utan um hald námskeiða og fræðslu. Jafnframt er búið að yfirfara lög félagsins þannig að það starfi á breiðari grunni og geti sótt um styrki í opinbera sjóði.

Nefndarmenn fagna þessari leið sem farin hefur verið með því að endurvefja félagið og tækifærin sem það býður upp á við að koma fjölbreyttum verkefnum í farveg.

- e. **Heimasíðan** er komin á skrið hjá PES. Hafþór Snjólfur er búinn að vinna 360° sjónarhorn á hreppinn og jafnframt fyrir Múlaþing sem verður afhjúpað á sama tíma í byrjun mars. Stefnt er að því að síðan fari þá í loftið ef allt gengur upp.
- f. **Samfélagssjóður** – töluverð vinna hefur farið í að veita ráðgjöf og yfirfara umsóknir aðilar í dalnum sem hafa verið að sækja um styrki hér og þar en þó einnig í Samfélagssjóðinn. Alls bárust 24 umsóknir sem nú eru komnar í yfirlestur til stjórnar. Áætlað er að úthlutun fari fram 10. mars.
- g. **Hádegisverðir í Végarði**. Ákveðið var að halda áfram með tilraunaverkefnið út mars mánuð og bjóða fram hádegisverð á fimmtudögum nema í fyrstu viku hvers mánaðar þá bjóða fram kvöldmáltíð í stað hádegisverðar.
- h. **Búsetuminjar**. Gunnarsstofnun hefur boðað til nokkurra funda í tengslum við skráningu búsetuminja og er fyrirhugað að sækja um styrki í tengslum við það verkefni í samstarfi, m.a. við Minjastofnun, Rannsóknasetur Austurlands, Sagnabrunn ehf. og hreppinn.
- i. **Hreppsmál** - ýmis mál hafa komið inn á borð, s.s. húsnæðisáætlun sveitarfélagsins, ritarastörf á fundum, afla upplýsinga um ýmis mál og fréttamiðlun á heimasíðu.

Ánægja með að félagsstarfið sé að fara af stað eftir samkomutakmarkanir með handavinnukvöldum, fræðslu og námskeiðum.

## 2. Önnur mál

- Umræður um skoðunarferð norður í land, hvort sem er með hópi úr Fljótsdal eða með öðrum af Austurlandi.

Besti tíminn er í mars/apríl, eftir miðjan júní, eftir miðjan ágúst og um mánaðarmótin okt/nóv. Tillaga um að horfa til þriggja daga ferðar frá föstudegi til sunnudags. Kostnaðurinn kallar frekar á jaðartímann.

- Umræða um listaverk í Fljótsdal en engin bein niðurstaða í málinu nema að horft verði til þess að slík verk verði viðhaldsfrí og að ekki verði farið í samkeppni þar sem það er mjög dýr leið. – *Ath. Kristín Amalía með hugmyndir í tengslum við Bessastaðagil. Þarna var hengibrú sem mætti endurgera. Vinna orminn í verk í dalinn við Hrafnkelsstaði.*
- Nokkur upplýsandi umræða um byggðakjarnann, þjónustuhúsið við Hengifoss, vindmyllugarða o.fl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:20

ÁHBj ritaði